

# KRAKKA KROPP



***Krakkakropp er hollt, gott og skemmtilegt nasl fyrir káta kroppa sem er eingöngu unnið úr íslensku grænmeti***

## Hvert er vandamálið?

Enginn tilbúinn íslenskur barnamatur er fáanlegur. Eini valkostur foreldra og barna á Íslandi er því erlendur barnamatur, en innflutningur hleypur á hundruðum tonna árlega. Þá er maturinn eingöngu markaðsettur fyrir ungbörn þó neytendahópurinn sé mun stærri. Næringarríkt grænmetisnasl sem ekki er framleitt úr maíssterkju vantar á markað, en erlendir valkostir innihalda langflestir 70-80% maís.

## Hver er lausnin?

Krakkakropp gefur neytendum hérlendis kost á innlendri vöru sem styður við íslenska grænmetisrækt. Verðlagning á barnamat er mun hærri en gengur og gerist og virðisaukning hráefnis mikil sem gerir samkeppnishæfi við erlendar vörur vel mögulega. Krakkakropp er framleitt úr 100% íslensku hráefni án maíssterkju. Krakkakropp er markaðsett fyrir stærri markhóp barna en þekkist, allt frá 6 mánaða upp í 6 ára.

## Hvað er Krakkakropp

Krakkakropp er hollt nasl sem bráðnar í munni. Framleiðsla Krakkakropps byggir m.a. á grænmeti sem annars væri hent og dregur því úr matvælasóun. Ísland hefur mikla sérstöðu í ljósi sjálfbærrar orku, hreins vatns og hverfandi notkunar varnarefna og stuðlar Krakkakropp að fæðuöryggi innanlands. Krakkakropp mætir einnig aukinni eftirspurn á íslenskum vörum á erlendum mörkuðum. Framleiðslulínu Krakkakropps má auðveldlega yfirfæra á fleiri markaði svo sem heilsumarkað fyrir fullorðna, sem gefur fjölbreytta möguleika til vöruþróunar og vaxtar.

## Hver eru markaðstækifærin?

- Gat á innlendum markaði
- Margföld virðisaukning hráefnis
- 140 tonn ungbarnamatar flutt inn 2020
- Fjölbreyttir möguleikar til vöruþróunar og stærri vörulínu
- Einföld framleiðslulína með sjálfvirkum tækjum sem lágmarkar starfsmannaþörf
- Stöðug og létt vara með langt geymsluþol
- Markaðir í USA, Norðurlöndum og Evrópu móttækilegir fyrir íslenskum vörum

## Hver erum við?

Við erum þrír matvælafræðinemar sem öll höfum unnið í ábyrgðarstöðum á mismunandi sviðum. Við fundum sameiginlegan drifkraft til þess að vinna saman að verkefni sem skipti okkur máli.

*Íslensk framleiðsla, tækniþróun, landbúnaður, lýðheilsa barna og matarsóun eru málefni sem verkefnið Krakkakropp tekur á.*




Vaka Mar Valsdóttir
Framkvæmdastjóri
822-7972
vaka@krakkakropp.is



Arnkell Arason
Þróunarstjóri
615-4687
keli@krakkakropp.is



Sigrún Anna Magnúsdóttir
Fjármálastjóri
865-1974
sigrun@krakkakropp.is


## Samstarfsaðilar

Orkídea
ICELANDIC STARTUPS
matís
Sölufélag garðyrkjumanna – Íslenskt grænmeti
SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
Landsvirkjun

| 2020 | FEB 2021 | ÁGÚST 2021 | ÁGÚST 2022 | 2023 | 2023 | 2031 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hugmynd kviknar | Startup Orkídea | Hönnun frumgerðar lokið | KRAKKA KROPP | HEILSU KROPP | KRAKKA KREISTUR | Útflutningur stærsti hluti veltu |